

Fundar stjórnar HRFÍ 11. febrúar kl. 18.00 á Teams

Mættir voru: Herdís Hallmarsdóttir, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Anna Guðjónsdóttir og Guðni Guðnason. Svava Björk Ásgeirsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir boðuðu forföll. Guðný Isaksen, framkvæmdastjóri, sat fundinn.

Fundarritari: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

1. Ársfundir deilda

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu getur reynst snúið fyrir deildir að halda ársfundi miðað við það sem lög og reglur kveða á um. Stjórn ákvað að setja það í hendur hvernar og einnar deildar hvernig best sé að haga skipulagi ársfundar. Ef deildir treysta sér ekki til að halda ársfund þarf að senda rök og ástæður til skrifstofu HRFÍ sem tilkynnir það á vefsíðu félagsins.

2. Aðalfundur HRFÍ, undirbúningur og dagsetningar

Undirbúningur aðalfundar HRFÍ ræddur sem og ýmis atriði varðandi skipulagningu.

3. Erindi frá Fuglahundadeild varðandi rafræna kosningu á ársfundi deildarinnar barst þ.

28.1.2021, frá (fuglahundadeildfhd@gmail.com)

Lög félagsins heimila ekki rafræna kosningu eins og staðan er núna. Stjórn ákvað að skoða vel alla möguleika hvað rafræna kosningu. Stjórn ætlar að vinna lagabreytingartillögu varðandi rafrænar kosningar sem vonandi verður tekin til afgreiðslu á aðalfundi félagsins. Ákveðið að fá laganefnd félagsins í lið með stjórn varðandi þessa lagabreytingartillögu. Guðni og Guðný skoða þá möguleika sem í boði eru.

4. Veiðiprófadagskrá 2021 í TH7 ásamt Norðurhundum

Samþykkt.

5. Erindi frá deildum í TH7 - Veiðiprófareglur í TH7 – Norsk þýðing (erindi 9.2.2021 frá

(norskthyding72020@gmail.com) Lagt fram til kynningar og umræðu um málsmeðferð.

Stjórn fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið af þýðinganefnd og endurskoðunarnefnd og mun boða fulltrúa nefndanna á fund áður en reglurnar verða samþykktar.

6. Önnur mál

Fræðslunefnd stjórnar HRFÍ hefur staðið fyrir fyrirlestrum í gegnum forritið Zoom sem hafa verið einstaklega vel sóttir af félagsmönnum og öðrum áhugasömum. Nefndin er með ýmislegt spennandi á þróunum sem vonandi verður hægt að augslýsa von bráðar.

Næsti fundur 28. febrúar

Fundi slitið kl. 19.00.